

95
11. nóv.

9. gr.

Öll brot mót samþykkt þessari varða sektum alt að 20 kr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. nóv. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

96
9. des.

SAMÞYKT

um

breyting á samþykkt 16. maí 1904 um breyting og viðauka að byggingar-samþykkt Reykjavíkur frá 7. sept. 1903.

4. gr. tjeðrar samþykktar orðist þannig:
Fyrir byggingarleyfi skal greiða gjöld er hjer segir:
- I. a. Fyrir leyfi til að reisa ný hús 10 auru fyrir hvern teningsmeter í húsinu, mælt frá kjallaragólfi eða ytri jarðarflöt, ef eigi er kjallari, að efri brún á efsta lofti. Gjald skal telja í heilum krónum og ekki minna en 5 kr. fyrir einstakt leyfi.
 - b. Fyrir að stækka eldri hús greiðist sama gjald af rúmmáli viðbótarinnar.
 - II. Fyrir önnur byggingarleyfi greiðast 5 kr.
Gjöld þessi falla í bæjarsjóð.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. sept. 1901 um breyting á tilskipun 20 apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík og viðaukalögum 23. okt. 1903 við nefnd lög, til að öðlast gildi 1. janúar 1927.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. des. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.